

Miðvikudaginn 3. febrúar 1954.

Kærumálið nr. 3/1954.

Magnús Thorlacius

gegn

Stjórn Lögmannafélags Íslands.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn kærði úrskurður er upp kveðinn af stjórn Lögmannafélags Íslands, þeim Einari B. Guðmundssyni hæstaréttarlögmanni, Agli Sigurgeirssyni hæstaréttarlögmanni og Ágústi Fjeldsted héraðsdómslögmanni.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 15. f. m., er barst dóminum hinn 19. s. m. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Frá varnaraðilja hafa eigi borizt kröfur né greinargerð.

Eins og í hinum kærða úrskurði greinir, lýsti sóknaraðili því fyrir stjórn Lögmannafélags Íslands hinn 9. október 1953, „að hann muni ekki sækja fundi félagsstjórnarinnar oftari út af þessu máli og muni ekki veita neinar upplýsingar í því“. Með þessu háttarni sínu þykir sóknaraðili hafa firrt sig rétti til að bera úrskurð félagsstjórnarinnar undir Hæstarétt og fá þar komið að gögnum, sem honum var í lófa lagið og skylt að leggja fyrir félagsstjórnina. Samkvæmt þessu ber að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Þar sem varnaraðili hefur ekki krafizt málskostnaðar hér fyrir dómi, verður honum ekki dæmdur kærumálskostnaður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands 14. jan. 1954.

Kærumálið: H/f Bjólfur
 gegn
 Magnúsi Thorlacius.

Tildrög málsins eru þessi:

Með bréfi, dags. 2. maí 1953, sneri h/f Bjólfur á Seyðisfirði sér til stjórnar Lögmannafélags Íslands. Var í bréfinu frá því skýrt, að h/f Bjólfi hefði með dómi Sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur, uppkveðnum 1. marz 1952, verið gert að greiða Magnúsi Thorlacius f. h. Wesers A/G í Bremerhaven í Þýzkalandi £952-7-8 auk 6% ársvaxta frá 17. ágúst 1949 til greiðsludags og kr. 3.000,00 í málskostnað. Samkvæmt kröfu lögmanns Wesers A/G, Magnúsar Thorlacius hrl., hefði verið framkvæmt fjárnám hjá h/f Bjólfi 23. og 28. júní 1952. Kveðst félagið hafa greitt umboðsmanni gerðarbeiðanda við fjárnámið kr. 31.608,22, en fyrir eftirstöðvum dómkröfunnar, sem gerðarbeiðandi taldi nema kr. 23.000,00, hafi verið gert fjárnám í eignum félagsins. Í septembermánuði 1952 hafi b/v Ísólfur, sem h/f Bjólfur er eigandi að, selt afla sinn í Hamborg. Hafi þá Weser A/G krafizt þess, að skip og farmur yrði kyrrsett, ef ekki yrðu greiddar eftirstöðvar skuldarinnar. Til þess að leysa skipið úr lögaldi kveðst félagið hafa neyðzt til þess að greiða kröfu Wesers A/G, DM 9.791,67, eða ísl. kr. 37.893,76.

Í áminnztu bréfi lýsir h/f Bjólfur því, að lögmaður þess hafi um þetta leyti verið Gústaf A. Sveinsson hrl. og samkvæmt ósk hans hafi Magnús Thorlacius hrl. látið honum í té yfirlit um kröfu þessa hinn 7. nóvember 1952. Í þessu yfirliti telji Magnús Thorlacius hrl., að eftirstöðvar kröfunnar hafi, er löghald var lagt á skipið hinn 4. september 1952, numið kr. 23.000,84. H/f Bjólfur hafi samkvæmt framansögðu greitt Weser A/G kr. 37.893,76, þannig að félagið hafi átt inni hjá Weser A/G kr. 14.892,92, sem geymdar hafi verið í vörzlu Magnúsar Thorlacius hrl. Getur h/f Bjólfur þess, að lögmaður félagsins, Gústaf A. Sveinsson hrl., hafi hvað eftir annað krafizt Magnús Thorlacius hrl. um innstæðuna, fyrst munnlega og síðan með bréfum, dags. 7. febrúar, 4. marz og 9. apríl sl. Bréfum þessum hafi Magnús Thorlacius hrl. ekki svarað nema því síðasta, sem var ábyrgðarbréf. Því bréfi hafi hann svarað á þá lund, að kröfur Gústafs A. Sveinssonar hrl. væru honum óviðkomandi. Litlu síðar hafi Magnús Thorlacius hrl. tjáð Gústaf A. Sveinssyni hrl., að hann væri hættur umboðsmennsku fyrir Weser A/G, en við umboðinu hefði tekið Sigurgeir Sigurjónsson hrl. Sigurgeir Sigurjónsson hrl. hafi hins vegar gefið um þetta mjög óglögg svör.

Með bréfi, dags. 15. apríl 1953, kveðst h/f Bjólfur hafa farið þess á leit við borgarfégetann í Reykjavík, að lagt yrði löghald á téða

innstæðu Wesers A/G hjá Magnúsi Thorlacius hrl. til tryggingar kröfu félagsins á hendur hinu þýzka firma auk vaxta og kostnaðar. Hafi málið verið tekið fyrir í fógetarétti Reykjavíkur 28. apríl 1953. Í greinargerð, dags. 29. s. m., hafi Magnús Thorlacius hrl. skýrt svo frá, að hann hafi hinn 29. desember 1952 sagt upp umboði sínu fyrir Weser A/G, og hinn 11. apríl 1953 hafi Sigurgeir Sigurjónsson hrl. tekið við inneign félagsins. Undir rannsókn málsins hjá stjórn Lögmannafélagsins hefur Gústaf A. Sveinsson hrl. skýrt frá því, að Sigurgeir Sigurjónsson hrl. hafi greitt til hans kr. 8.362,00, en afhent eftirstöðvarnar þýzka sendiráðinu í Reykjavík.

Með því að greiða féð af hendi til Sigurgeirs Sigurjónssonar hrl., er síðan hafi afhent það þýzka sendiráðinu í Reykjavík í stað þess að greiða það lögmanni h/f Bjólfs, Gústaf A. Sveinssyni hrl., telur h/f Bjólfur, að Magnús Thorlacius hrl. hafi svipt félagið möguleika til að kyrrsetja fjárhæðina og þannig sækja rétt sinn fyrir íslenskum dómstólum. Telur h/f Bjólfur, að þetta athæfi Magnúsar Thorlacius hrl. sé ósamboðið manni af stétt hæstaréttarlögmanna, og krefst þess með skírskotun til 8. gr. laga nr. 61/1942, að Magnúsi Thorlacius hrl. verði ger áminning af þessu efni og refsað lögum samkvæmt. Jafnframt áskilur h/f Bjólfur sér rétt til að krefja Magnús Thorlacius hrl. í sérstöku máli fullra bóta fyrir allt það tjón, sem hann hefur bakað félaginu eða kann að baka því með framferði sínu.

Stjórn Lögmannafélagsins hefur fengið afhent afrit af skjölum, sem lögð voru fram í áminnztu fógetaréttarmáli. Þá hefur stjórnin kvatt á sinn fund til yfirheyrslu hæstaréttarlögmennina Gústaf A. Sveinsson, Magnús Thorlacius og Sigurgeir Sigurjónsson.

Gústaf A. Sveinsson hrl. hefur í einu og öllu staðfest þá skýrslu h/f Bjólfs, sem að framan er rakin, enda lýst því, að hann hafi sjálfur samið kæruskjalið til stjórnar Lögmannafélagsins, dags. 2. maí 1953.

Sigurgeir Sigurjónsson hrl. hefur upplýst, að hann hafi hinn 11. apríl 1953 veitt viðtöku frá Magnúsi Thorlacius hrl. kr. 26.623,15, sem hafi verið eign Wesers A/G. Af þessari fjárhæð hafi kr. 8.362,00 átt að greiðast h/f Bjólfi. Skýrir Sigurgeir Sigurjónsson frá því í greinargerð fyrir fógetarétti Reykjavíkur 11. maí 1953, að hann hafi boðizt til að greiða Gústaf A. Sveinssyni hrl. þessa fjárhæð, og hefur Gústaf A. Sveinsson hrl., svo sem að framan greinir, viðurkennt að hafa veitt þessari fjárhæð viðtöku. Eftirstöðvarnar, kr. 18.261,15, kveðst Sigurgeir Sigurjónsson hafa greitt þýzka sendiráðinu í Reykjavík.

Magnús Thorlacius hrl. mætti á fundi stjórnarinnar 9. október 1953. Mótmælti hann kæru h/f Bjólfs sem rangri svo og skjölum þeim, er lögð voru fram á fundinum. Tók hann fram, að hann mundi ekki sækja fundi félagsstjórnarinnar oftár út af þessu kærumáli og mundi ekki veita neinar upplýsingar í því.

Hins vegar liggur fyrir í málinu ábyrgðarbréf, er Gústaf A. Sveins-

son hrl. skrifaði Magnúsi Thorlacius hrl. 9. apríl 1953. Þar vísar Gústaf A. Sveinsson til kröfubréfa, er hann kveðst hafa skrifað Magnúsi Thorlacius 7. febrúar og 4. marz s. á., og skorar jafnframt á hann að greiða þegar í stað og eigi síðar en 14. apríl 1953 innstæðu h/f Bjólfs vegna skuldaskiptanna við Weser A/G. Að öðrum kosti verði krafan innheimt án frekari viðvörunar með lögsókn. Þessu ábyrgðarbréfi er svarað hinn 10. apríl 1953 með svofelldu bréfi:

„Ég hef fengið bréf yðar, dags. í gær, út af ofangreindu málefni.

Kröfur þessar eru mér óviðkomandi svo og væntanlegar hótanir yðar um lögsókn á hendur mér a. m. k.

Virðingarfullt,

f. h. Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögm.

Oddgeir Magnússon.“

Er þetta og nánar staðfest í greinargerð Magnúsar Thorlacius hrl., sem lögð var fram í fógetarétti Reykjavíkur 30. apríl 1953, og í skýrslu, er hann gaf í fógetaréttinum 7. júlí s. á. Er þannig sannað, að Magnúsi Thorlacius hrl. hafði horizt vitneskja um, að Gústaf A. Sveinsson hrl. var umboðsmaður h/f Bjólfs, áður en hann afhenti Sigurgeiri Sigurjónssyni hrl. innstæðu h/f Bjólfs.

Í máli þessu hefur ekki tekizt að afla fullra upplýsinga um fjárhæð þá, er h/f Bjólfur átti í vörzlum Magnúsar Thorlacius hrl., er Weser A/G hafði fengið greiðslu á kröfu sinni af andvirði afla b/v Ísólfis í september 1952. Hins vegar er því lýst af umboðsmanni Magnúsar Thorlacius hrl. í fógetarétti Seyðisfjarðarkaupstaðar 28. júní 1952, að krafa Wesers A/G með vöxtum og öllum kostnaði hafi þann dag numið kr. 54.600,22. Upplýst er, að í fógetaréttinum greiddi h/f Bjólfur kr. 31.600,22. Þá kemur og fram í skilagrein 15. september 1952 yfir andvirði afla þess, er h/f Ísólfur seldi í Þýzkalandi, að Weser A/G hafa verið greidd DM 9.791,67 eða ísl. kr. 37.893,76. Samkvæmt því hefur h/f Bjólfur greitt samtals kr. 69.493,98 eða kr. 14.893,76 umfram skuld sína við Weser A/G. Eigi er þó unnt að leggja þessa fjárhæð til grundvallar skuldaskiptum h/f Bjólfs og Wesers A/G, þar sem hvort tveggja er, að ekki eru reiknaðir vextir af skuldareftirstöðvum frá 28. júní 1952 fram í september sama ár, auk þess sem vera má, að Weser A/G hafi haft einhvern kostnað af málinu í Þýzkalandi, sem h/f Bjólfi bar að greiða. Hér getur þó eigi verið um verulega fjárhæð að ræða, svo að telja má víst, að inneign h/f Bjólfs hjá umboðsmanni Wesers A/G, Magnúsi Thorlacius hrl., hafi numið mun hærri fjárhæð en þeim kr. 8.362,00, er Sigurgeir Sigurjónsson hrl. greiddi Gústaf A. Sveinssyni hrl.

Í máli þessu er samkvæmt framansögðu upplýst, að h/f Bjólfur átti allverulega fjárhæð hjá Weser A/G og að vörzlumaður þess fjár var Magnús Thorlacius hrl.

Upplýst er enn fremur, að Magnúsi Thorlacius hrl. var hinn 10.

apríl 1953 um það kunnugt, að Gústaf A. Sveinsson hrl. var umboðsmaður h/f Bjólfs og að hann krafðist greiðslu á innstæðu félagsins. Þrátt fyrir þetta afhendir Magnús Thorlacius hrl. Sigurgeiri Sigurjónssyni hrl. innstæðuna. Með því að svara ekki áminnztu ábyrgðarbréfi Gústafs A. Sveinssonar hrl. frá 9. apríl 1953 á fullnægjandi hátt og með því að greiða af hendi innstæðu h/f Bjólfs til annars lögmanns, þótt vitneskja lægi fyrir um, að fjárhæðina ætti að afhenda Gústaf A. Sveinssyni hrl., hefur Magnús Thorlacius hrl. gerzt sekur um ámælisverða háttsemi í starfi sínu, sbr. 8. gr. 1. 61/1942. Þykir þó ekki ástæða til þess að beita um þessa háttsemi hans sektum, heldur áminningu.

Ályktarorð:

Framangreind háttsemi Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns telst ámælisverð.

Úrskurður þessi er upp kveðinn og málið rannsakað af stjórn Lögmannafélagsins, varaformanni félagsins, Einari B. Guðmundssyni hrl., og þeim Agli Sigurgeirssyni hrl., féhirði félagsins, og Ágústi Fjeldsted hdl., ritara þess.

Föstudaginn 5. febrúar 1954.

Nr. 149/1953. **Ákærvaldið** (Sveinbjörn Jónsson)
 gegn

Gaston Heinderson (Lárus Fjeldsted).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, og samdómsmennirnir Páll Þorbjörnsson og Þorsteinn Jónsson hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Framhaldsrannsókn hefur verið háð í málinu eftir uppsögu héraðsdóms.

Friðrik Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, hefur markað á sjóuppdrátt staðarákvarðanir yfirmanna varðskipsins við dufl það, er varðskipsmenn settu í sjó hjá skipi